

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1989

18. maí 1989

465

Nr. 236

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Stafnesi.

1. gr.

Allar togveiðar eru bannaðar á svæði sem markast af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Stafnesvíta í punkt 63°58'2 N – 23°05'0 V þaðan í punkt 64°11'4 N – 23°14'4 V og loks í punkt 64°12'5 N – 23°07'4 V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

9. maí 1989

Nr. 237

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á eftirgreidum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnfiskveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

1. Frá og með 1. júní 1989 til og með 7. júní 1989.

2. Frá og með 30. júlí 1989 til og með 8. ágúst 1989.

Veiðibönn þessi taka ekki til minni báta en 10 brl. sem fengið hafa veiðileyfi með aflahámarki skv. 2. mgr. B. liðar, C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

B 34